

ósonLAGIÐ

(sungið við lagið Waka, waka)

(4x) „ALLT Á HREINU!!!“

Sólin hún skín, við setjum upp brosið
og skundum í endurvinnslu með gömul blöð og gosið.
Söfnum í lið og stöndum öll saman
svolítið græn og umhverfisvæn.
Það er svo gaman.

Á brautinni þráðbeinu....
Breytt hugarfar á hreinu!

Skrúfum fyrir alla krana, gerum það að vana.
Munum líka að slökkva ljósin... það sparar rafmagnið.
Fötum á ekki'að henda, viljum á það benda,
það er pottþétt til einhver annar... sem getur notað þau.

(4x) „ALLT Á HREINU!!!“

Sólin hún skín, við setjum upp brosið
og skundum í endurvinnslu með gömul blöð og gosið.
Söfnum í lið og stöndum öll saman
svolítið græn og umhverfisvæn.
Það er svo gaman.

Á brautinni þráðbeinu....
Breytt hugarfar á hreinu!

Hjóla meira og ganga, ekki bara í bílum hanga.
Minni mengun og blómin brosa...á grænum grasflötum.
Tyggigúmmí í fötu, annars klesst á götu.
Vistvæn efni í þrif og þvotta....já, þetta er ósonLAG....